

Reifun á úrskurði nr. 10/2015 – Búslóð

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á tollfrelsi búslóðar hennar. Hafði hún verið búsett í Svíþjóð frá janúar 2009 til desember 2013, en kom þá til Íslands vegna fæðingarorlofs tengdadóttur sinnar. Í september 2014 hélt hún aftur til Svíþjóðar og bjór þar til maí 2015.

Niðurstaða: Til að njóta undanþágu fyrir búslóðir verður innflytjandi að hafa verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár áður en búferlaflutningar áttu sér stað, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Af máli kæranda var ljóst að hún náði ekki að uppfylla þá kröfu og var höfnun á beiðni um tollfrelsi íbúðar hennar því staðfest. Ekki var tekin afstaða til annarra skilyrða ákvæðisins vegna þessa.